



Lagt fyrir 354. fund velferðarráðs 22. maí 2019  
VEL2019050031  
RÁ/plg/afk

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðssjóri

---

**Efni:** *Aðgerðaáætlun vegna tillagna stýrihóps um aukin tækifæri til atvinnu og virkni.*

### Forsaga:

Settur var á laggirnar stýrihópur um atvinnu og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar og var hann að störfum fyrri hluta árs 2017. Skilaði hópurinn af sér átta tillögum sem koma áttu til framkvæmda árin 2018 og 2019. Tillögurnar voru samþykktar í borgarráði 14. maí 2018. Tillögur hópsins taka til fatlaðs fólks með skerta starfsgetu sem þarf viðeigandi aðlögun til að hefja störf, fatlaðs fólks sem þarf hæfingartengda þjónustu, aldraðs fatlaðs fólks sem þarf dagþjónustuúrræði og fólk sem er á fjárhagsaðstoð og hefur verið atvinnulaust til lengri tíma.

Málefni fatlaðs fólks fluttust til sveitarfélaga árið 2011. Ekki var gengið frá samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga á ábyrgð á atvinnutengdri þjónustu fyrr en með viljayfirlýsingu um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks sem undirrituð var í desember 2015. Þar kemur fram að ábyrgð sveitarfélaganna eftir yfirfærslu málaflokksins sé meðal annars rekstur, frekari uppbygging og nýjar starfsstöðvar fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfun. Þessi óvissa fyrstu árin eftir yfirfærslu sköpuðu ákveðna óvissu og að einhverju leyti stöðnun í málaflöknum fyrstu árin.

Velferðarráð hefur samþykkt aukningu um 27 pláss í hæfingartengdri þjónustu frá árinu 2015 sem skiptist með eftirfarandi hætti:

Aukning um 5 rými í vinnumiðaðri stoðþjónustu í Gylfaflöt, sem kom til framkvæmda á árinu 2015.

Í janúar 2016 gerði velferðarsvið samning við Blindravinnustofuna um þjónustu við þrjá einstaklinga (1 rými) með skerta starfsgetu sem höfðu starfað á Blindravinnustofunni, sem er verndaður vinnustaður, í áraraðir.

Í maí 2016 samþykkti velferðarráð aukningu um 5,5 rými í vinnumiðaðri stoðþjónustu sem skiptust þannig að 5 rýmum var bætt við hjá Ási styrktarfélagi og 0,5 rými í Gylfaflöt.

Í febrúar 2017 samþykkti velferðarráð aukningu á 8 rýmum í vinnu og virknimiðaðari stoðþjónustu og var samið við Ás styrktarfélag um þau öll.

Árið 2018 bættust svo við 7,5 rými á grundvelli tillagna stýrihópsins um aukin tækifæri til atvinnu og virkni sem samþykktar voru í borgarráði 14. maí 2018. Samið var við Ás styrktarfélag um 4,5 rými, 2 rýmum var bætt við í Gylfaflöt og samið var um 1 rými í Geitungunum sem er vinnu og virknitilboð á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Eins og fyrr segir hefur því fjölgað um 27 rými í vinnumiðaðri stoðþjónustu á síðsutu árum. Mismunandi er hvort einn eða fleiri einstaklingar geti samnýtt rými, allt háð stuðningsþörfum hverju sinni. Einnig hafa verið gerðar breytingar frá ári til árs í samræmi við stuðningsþarfir notenda hverju sinni. Á árinu 2019 er stefnt að því að fuka fjölbreytni í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu og fjölga rýmum um allt að 25.

#### **Staðan í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu í dag:**

Velferðarsvið Reykjavíkur rekur í dag tvo starfsstaði sem sinna vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Auk þess er Reykjavíkurborg með samninga við sjö aðila sem sinna þessari þjónustu.

Starfsstaðir sem velferðarsvið Reykjavíkurborg rekur:

1. Iðjuberg, þar sem 33 einstaklingar fá þjónustu.
2. Gylfaflöt, þar sem 31 einstaklingur fær þjónustu.

Aðilar sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar er með samninga við:

3. Ásgarður handverksverkstæði, þar sem 22 einstaklingar fá þjónustu.
4. Ás styrktarfélag, þar sem 151 einstaklingur fá þjónustu.
5. Blindravinnustofan, þar sem 3 einstaklingar fá þjónustu.
6. Hæfingarstöðin Bæjarhrauni, þar sem 3 einstaklingar fá þjónustu (Hafnarfjörður).
7. Geitungarnir, þar sem 2 einstaklingar fá þjónustu (Hafnarfjörður).
8. Hæfingastöðin Dalvegi, þar sem 4 einstaklingar fá þjónustu (Kópavogur).
9. Örvi starfsþjálfun, þar sem 8 einstaklingar fá þjónustu (Kópavogur).

Samtals eru því **193 einstaklingar í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu** á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Skortur hefur verið á tilboðum fyrir fatlað fólk þegar kemur að vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu og þeir vinnustaðir sem nefndir hafa verið hér að ofan eru allir fullnýttir og svigrúm til stækkunar er takmarkað. Einnig má nefna að í mörgum tilfellum er um hlutastarf fyrir notendur að ræða. Útskriftarnemar framhaldskóla hafa gengið fyrir í þjónustu og á undanförunum árum hafa flestir þeirra fengið vinnu- og virknitilboð hjá Ási styrktarfélagi á grundvelli samninga sem gerðir hafa verið ár hvert.

## **Biðlistar**

Á biðlista eftir vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu eru í dag 42 Reykvíkingar. Þar af eru 5 einstaklingar ekki í neinni vinnu eða virkni, 8 einstaklingar hafa óskað eftir aukningu á núverandi starfshlutfalli og 14 einstaklingar hafa óskað eftir flutningi á milli starfsstöðva.

Á næstu árum mun þörfin fyrir ný tilboð í vinnu og virkni fyrir fatlað fólk aukast verulega, bæði til að koma til móts við þá einstaklinga sem eru á biðlistum, sem og það unga fólk sem mun útskrifast úr framhaldsskólum á næstu árum. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum er fjöldi útskriftarnema, sem fæddir eru á árunum 2000-2006, að meðaltali 13 einstaklingar á ári og fjöldi sem fæddur er 2007 er 24 einstaklingar. Samkvæmt þessu munu 13 einstaklingar þurfa vinnu- og virknimiðuð úrræði á ári frá árinu 2020 til 2026 en árið 2027 munu þeir verða 24. Því er brýnt að fjölga vinnu- og virknimiðuðum úrræðum þannig að unnt sé að takast á við þá fjölgun sem er fyrir séð. Fötluð börn af erlendum uppruna er stækkandi hópur í þjónustu velferðarsviðs og gera má ráð fyrir meiri fjölgun þar sem vaxandi hlutfall þeirra sem nýta sér þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eru fötluð börn af erlendum uppruna. Þjónusta við þennan hóp felur í sér ýmsar áskoranir, s.s. vegna tungumálaörðugleika og flókinna samskipta vegna menningarmismunar. Mikilvægt er að huga strax að þessum hópi og byggja upp menningarnæma þjónustu.

## **Aðgerðir**

Eins og fram kom að framan var skipaður stýrihópur um atvinnu og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar og var hann að störfum fyrri hluta árs 2017. Hópurinn skilaði af sér átta tillögum sem voru samþykktar í borgarráði 14. maí 2018.

Tillögur hópsins (fylgiskjal I) taka til eftirfarandi hópa:

- Fatlað fólk með skerta starfsgetu sem þarf viðeigandi aðlögun til að hefja störf (tillögur 1 og 2).
- Fatlað fólk sem þarf hæfingartengda þjónustu – þessar tillögur tengjast uppbyggingaráætlun vinnumiðaðrar stoðþjónustu (tillögur 3, 4, 5 og 7).
- Aldrað fatlað fólk, sem þarf dagþjónustuúrræði (tillaga 6).
- Langtímaatvinnulaust fólk á fjárhagsaðstoð sem þarf sérstakan stuðning til að komast í vinnu (tillaga 8).

Hafin er vinna við framkvæmd tillagnanna stýrihópsins. Fjárheimild fyrir hálf tiliárið 2018 nam 27,5 mkr. sem ekki var nýtt, vegna tillagna 1,2,3,4,5 og 8 en gert er ráð fyrir að tillögurnar komi til framkvæmda á árinu 2019-2020.

Að þessari vinnu koma auk velferðarsviðs, mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og mannauðsskrifstofa Ráðhúss Reykjavíkurborgar. Í meðfylgjandi aðgerðaáætlun á fylgiskjali I er gerð grein fyrir þeim tillögum sem falla undir ábyrgð velferðarsviðs. Jafnframt eru sett fram markmið og mælikvarðar við hverja tillögu, ábyrgðaraðili tilgreindur ásamt kostnaðarmati. Á fylgiskjali II er stöðumat á aðgerðum í áætluninni.

Aðgerðaáætlunin nær ekki til stöðumats á fyrstu tveimur tillögum stýrihópsins sem falla undir ábyrgð mannréttindaskrifstofu og mannauðsskrifstofu Ráðhússins. Til að

gefa heildarmynd af stöðu mála þykir þó rétt að greina frá stöðu þeirra aðgerða hér. Samkvæmt upplýsingum frá ofangreindum skrifstofum er staðan sem hér segir:

Tillaga 1: Fjallar um að fjölga ráðningum fatlaðs fólks með skerðingar sem er vinnufært að hluta með viðeigandi aðlögun. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar með aðkomu mannauðsskrifstofu Ráðhúss Reykjavíkurborgar (nú mannauðssvið Reykjavíkurborgar) ber ábyrgð á aðgerðum.

Staða: Unnið er að leiðbeiningum og fræðsluefni varðandi viðeigandi aðlögun fatlaðs fólks að störfum hjá Reykjavíkurborg. Unnið verður fræðsluefni fyrir stjórnendur sem og almenn fræðsla fyrir starfsfólk. Vinna við leiðbeiningar og fræðsluefni fyrir stjórnendur er langt komin. Eins verður fræðsla fyrir stjórnendur um ráðningar á fólki með skerta starfsgetu inni í forystunámi fyrir stjórnendur haust 2019 og í boði á fræðsludagskrá haust 2019.

Tillaga 2: Lagt er til að Reykjavíkurborg fjölgi ráðningum fólks með skerta starfsgetu sem eiga rétt á vinnustaðasamningi öryrkja. Mannauðsskrifstofa Ráðhúss Reykjavíkurborgar(nú mannauðssvið Reykjavíkurborgar) ber ábyrgð á aðgerðinni.

Staða: Mannauðsdeild hefur hafið samstarf við Vinnumálastofnun (VMST) og er unnið að því að fjölga ráðningum á næstu mánuðum þannig að í lok maí eða júní verði búið að ráða þá sem unnt er í gegnum viðbótarfjármagnið. Því er síðan haldið við ef einhver hættir til að fullnýta fjármagn. Fræðsla verður aukin til stjórnenda um fyrirkomulagið við að ráða fólk með skerta starfsgetu þó að allir starfsstaðir geti ekki sótt um viðbótarfjármagn sem potturinn veitir. Starfsstaðir verða áfram aðstoðaðir við að sækja endurgreiðslu til VMST ársfjórðungslega.

### **Samantekt**

Í stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, er innleiðing hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. Að lifa sjálfstæðu lífi felur m.a. í sér að einstaklingar geta valið hvar þeir búa og með hverjum. Að sama skapi eiga einstaklingar að geta valið það hvar þeir vinna og starfa. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er einnig kveðið á um þetta og því er það verkefni þjónustuaðila á næstu árum að finna leiðir til að tryggja fötludu fólki þessi réttindi.

Eins og fram hefur komið eru áskoranir framundan í vinnu og virknimálum fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hefur verið mikið um nýsköpun þegar kemur að vinnu og virknitilboðum fyrir fatlað fólk og flest þeirra tilboða sem standa til boða eru frekar einsleit. Þeir einstaklingar sem útskrifast af sérbrautum framhalskólanna hafa takmarkað val hvort heldur er til vinnu eða framhaldsnáms.

Í vinnu velferðarsviðs með tillögur stýrihópsins hefur komið í ljós vöntun á stuðningi við þá aðila sem eru með fatlaða einstaklinga í vinnu, s.s. Græna skáta og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Með tiltölulega litlum viðbótarstuðningi er hægt að aðstoða slíka aðila við að ráða fatlað fólk í vinnu og viðhalda ráðningum.

Þessu til viðbótar þarf að huga að þeim sem eru með mestar stuðningsþarfir og finna nýjar leiðir til að koma til móts við þeirra þarfir. Þetta þarf að vinnast hratt þar sem flestir einstaklingar í þessum hópi hafa hingað til fengið tilboð hjá Ási styrktarfélagi, en nú er svo komið að Ás getur illa tekið við fleirum í því húsnæði sem þeir hafa upp á

að bjóða. Uppbygging fyrir þennan hóp er nauðsynleg og þarf Reykjavíkurborg bæði að leita eftir samstarfi við aðra s.s. sjálfseignarstofnanir, önnur sveitarfélög, ríki, hagsmunasamtök, atvinnulífið og menntakerfið. Samstarf við aðra gæti verið í því formi að leggja til sérþekkingu, húsnæði og/eða starfsfólk, sbr. 3. tillögu stýrihópsins.

Tillögur stýrihópsins og aðgerðaáætlun á grunni þeirra tillagna eru mjög mikilvægar í þeirri vegferð að finna nýjar leiðir í vinnu og virkni fyrir fatlað fólk. Nokkrar breytingatillögur eru í smíðum, m.a. varðandi tillögu nr. 6 og 7 en í því tilfelli þykir heppilegra að útfæra Iðjubergið fyrir hóp aldraðra og nýta nýtt húsnæði í Arnarbakka fyrir vinnu og virkni yngri einstaklinga með fötlun.